

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur, föstudaginn 21. desember 2018, í máli nr. E-133/2018:

Í

(Kristrún Elsa Harðardóttir lögmaður)

gegn

íslenska ríkinu

(Soffía Jónsdóttir lögmaður)

Þetta mál, sem var tekið til dóms 20. nóvember 2018, höfðar Í, kt. [...], H-götu, Reykjavík, með stefnu birtri 10. janúar 2018 á hendur íslenska ríkinu, til greiðslu skaðabóta auk dráttarvaxta og málskostnaðar.

Stefnandi krefst þess að stefndi greiði henni miskabætur að fjárhæð 2.500.000 kr. ásamt dráttarvöxtum, samkvæmt III. kafla laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu, frá þingfestingardegi til greiðsludags.

Stefnandi krefst málskostnaðar úr hendi stefnda eins og málið væri eigi gjaf sóknarmál, auk virðisaukaskatts á málskostnað.

Stefndi krefst aðallega sýknu af öllum kröfum stefnanda svo og að stefnandi verði dæmd til að greiða honum málskostnað.

Til vara krefst stefndi verulegrar lækkunar fjárkröfu stefnanda og að málskostnaður verði felldur niður.

Málsatvik

Þetta mál varðar gæsluvarðhald sem stefnandi sætti í tólf daga í október 2015.

Að morgni fimmtudagsins 8. október 2015 bárust lögreglunni á höfuðborgar svæðinu tilkynningar þess efnis að brotist hefði verið inn í bíla í tilteknu hverfi í Breiðholti og munir teknir úr einhverjum þeirra. Einum bílnum, Toyota Hilux-pallbíl, hafði verið stolið.

Á sama tíma bárust lögreglunni á Suðurlandi tilkynningar þess efnis að brotist hefði verið inn í ýmis fyrirtæki og annað húsnæði á Suðurlandi aðfaranótt 8. október. Brotist hafði verið inn í kjötmjölsverksmiðju og meðal annars stolið tölvum og sjónvarpi. Brotist hafði verið inn í söluskála á gatnamótum hringvegarins og Landvegar. Þaðan hafði verið stolið miklu magni af reyktróbaki. Á Hellu hafði verið brotist inn í apótek og þaðan tekin ýmis slævandi lyf. Spólför eftir

afturdriftsbifreið voru við inngang apóteksins. Íbúi á Hellu hafði vaknað upp um kl. 05:40 við vélargný dísilbifreiðar við heimili sitt og í bakgarði hans fundust morguninn eftir umbúðir af lyfjum. Til slíks bíls hafði sést við Hótel Drangshlíð um nóttina. Þar hafði verið farið inn og og tekin fartölva og sjóðsvél ásamt smærri munum. Toyota Hilux-bifreið hafði verið ekið milli bæja í Drangshlíðardal árla þennan morgun og hafði bóndi séð ástæðu til að fylgja henni eftir til þess að ná bílnúmerinu. Þessu til viðbótar var lögreglunni, að morgni 8. október, tilkynnt um innbrot í Kaffi Sólheimajökul sem er jafnframt aðstaða jöklaleiðsögumanna. Þaðan hafði verið tekinn búnaður til fjalla- og jöklaklifurs. Að auki hafði verið farið inn í bifreið fjallaleiðsögumanna og stolið úr henni um 20 settum af útivistarfatnaði merktum fyrirtækinu.

Tveir ungir menn voru handteknir um kl. 13:30 þegar þeir voru staddir í Toyota Hilux-bifreið á Kirkjubæjarklaustri.

Eftir hádegi 8. október var tilkynnt um innbrot í sumarbústað í slíku hverfi í nágrenni Kirkjubæjarklausturs. Í gróðri utan við bústaðinn voru spólför eftir jeppa bifreið með breið dekk. Ýmsir munir og dót voru utan við bústaðinn. Inni í bústaðnum var fatnaður, áfengi, lyf og fleira af því tagi sem hafði verið tekið ófrjálsri hendi á þeim stöðum sem brotist hafði verið inn í um nóttina.

Stefnandi lá sofandi þar í rúmi. Lögreglumenn sem komu á vettvang vöktu hana og reyndu að ræða við hana. Þá var hún vart viðræðuhæf þar eð hún virtist vera undir áhrifum vímuefna. Fyrir dómi bar stefnandi að á þessu tímabili, haustið 2015, hefði hún einkum neytt amfetamíns og rivotríls og tekið þessi efni saman.

Þennan dag, fimmtudaginn 8. október 2015, kl. 15:12, var hún handtekin vegna gruns um aðild að röð innbrota og þjófnaða á Suðurlandi í félagi við tvo aðra.

Daginn eftir handtökuna, föstudaginn 9. október 2015, upp úr hádegi, hófust skýrslutökur af aðilunum þremur og fóru þær fram hver á eftir annarri. Þau neituðu öll nokkurri aðild að innbrotunum sem rakin hafa verið. Piltarnir tveir sögðust telja að þeim hefði verið lánaður bíll stappfullur af þýfi. Þeir könnuðust ekki við að stefnandi hefði verið með þeim í bílnum. Stefnandi kvaðst ekkert muna, þar á meðal ekki hvernig hún komst í sumarbústaðinn sem hún fannst í. Skýrslutöku lauk kl. 14:42. Í beinu framhaldi af henni færði lögregla stefnanda og meinta samverka menn hennar fyrir Héraðsdóm Suðurlands þar sem teknar voru fyrir gæsluvarð haldskröfur á hendur þeim, hver á eftir annarri.

Rúnum 25 klukkustundum eftir að stefnandi var handtekin, kl. 16:30, tók dómari fyrir kröfu á hendur henni um gæsluvarðhald. Með úrskurði Héraðsdóms Suðurlands sama dag, í máli nr. R-41/2015, var stefnanda gert að sæta gæsluvarðhaldi í tvær vikur, allt til föstudagsins 23. október 2015, kl. 15:00 og að

sæta einangrun í varðhaldinu. Hæstiréttur staðfesti úrskurð héraðsdóms með dómi 14. október 2015 í máli nr. 696/2015.

Þegar úrskurður héraðsdóms var kveðinn upp voru öll einangrunarpláss í fangelsum landsins fullsetin. Því var stefnandi í upphafi gæsluvarðhaldsvistarinnar vistuð í fangageymslu lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu í lögreglustöðinni við Hverfisgötu í Reykjavík. Hún telur aðstæður þar hafa verið alls óviðunandi og ómannúðlegar. Hún hafi ekki fengið að fara í sturtu, ekki fengið að fara út í ferskt loft og aðeins tvisvar sinnum fengið að reykja. Mikill umgangur hafi verið á stöð inni, hávaði frá öðrum föngum og aðstæðurnar engan veginn boðlegar fyrir vistun umfram nokkrar klukkustundir. Verjandi hennar sendi Fangelsismálastofnun tölvuskeyti síðla dags 11. október.

Í dagbók lögreglu kemur einnig fram að stefnandi og annar samferðamanna hennar hafi verið svo illa haldin af fráhvörfum um hádegisbil 11. október að lækni hafi verið kallaður til.

Þegar einangrunarpláss losnaði á Litla-Hrauni 12. október 2015 var stefnandi flutt þangað en hafði þá dvalið í þrjá sólarhringa á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Á Litla Hrauni sat hún í einangrun allt til 21. október 2015. Þann dag var aftur tekin skýrsla af þremmingunum. Sá sem var yfirheyrður fyrst tók á sig sök á öllum innbrotunum og bar að ferðafélagar hans hefðu sofíð í bílnum allan tímann.

Upptökur úr eftirlitsmyndavélum sýndu að þau komu öll saman í verslun Olís á Selfossi um miðja nótt 8. október, dvöldust þar í rúmar 20 mínútur og fóru þaðan saman. Þegar þessar upptökur voru bornar undir þann sem fyrstur gaf skýrslu kvaðst hann telja stefnanda og hinn piltinn í það minnsta ekki hafa vitað að bílnum hefði verið stolið og bar að þau væru ekki viðriðin innbrotin.

Við yfirheyrslu sagðist hinn ferðafélaginn telja sig hafa fengið bílinn að láni hjá vini sínum og þá hefði þýfið verið í honum en hann kannaðist ekki við nein innbrot. Hann kvaðst ekkert kannast við stefnanda.

Við yfirheyrslu 21. október bar stefnandi á sama hátt og hún hafði gert hjá lögreglu 9. október en hún kvaðst ekkert muna. Áður en hún var vakin í sumarbústaðnum 8. október kvaðst hún muna eftir sér í Breiðholti 7. október. Ástæða minnisleysisins væri neysla vímuefna en hún hefði neytt alls konar efna. Að skýrslutöku lokinni var henni sleppt úr varðhaldinu kl. 16:30.

Stefnandi sætti gæsluvarðhaldi frá 9. til 21. október 2015, í alls 12 sólar hringa og var allan þann tíma í einangrun. Hún neitaði sök frá upphafi og kannaðist ekki við þau brot sem henni voru gefin að sök. Einu ári og fjórum mánuðum eftir handtökuna var ákæra gefin út í málinu, 24. janúar 2017. Hún var þingfest í Héraðs dómi Suðurlands 9. mars 2017. Ákæran var í tíu liðum en aðeins einn liður hennar

varðaði stefnanda. Henni var gefið að sök að hafa í heimildarleysi og í óleyfi farið inn í sumarhús að Hæðargarði í Skaftárhreppi þar sem hún hefði haldið til uns lögregla kom að henni sofandi í rúmi í sumarhúsinu síðdegis fimmtudaginn 8. október 2015.

Við þingfestingu ákærunnar 9. mars 2017 neitaði stefnandi sök. Einn ákærðu, Ingólfur Snær Viðisson, játaði öll þau brot sem honum voru gefin að sök. Annar ákærði, Birgir Haukur Halldórsson, sótti ekki þing þegar ákæran var þingfest. Málið var því afgreitt sem játningarmál hvað þá tvo varðaði og skilið frá máli stefnanda, með heimild í 2. mgr. 169. gr. laga nr. 88/2008.

Skipuðum verjanda stefnanda barst 30. mars 2017 tölvuskeyti frá fulltrúa ákæruvalds lögreglustjórans á Suðurlandi. Þar kom fram að ákæra í máli stefnanda hefði verið afturkölluð. Málið á hendur henni var því fellt niður í heild sinni. Hún sætti því ekki ákæru fyrir neitt þeirra brota sem henni voru upphaflega gefin að sök hjá lögreglu og voru tilefni gæsluvarðhaldskröfunnar.

Stefnandi höfðaði þetta mál með stefnu birtri 10. janúar 2018 til greiðslu miskabóta vegna þeirra þvingunarráðstafana sem hún sætti í tengslum við rannsókn á áðurnefndu sakamáli. Stefndi telur bótarétt hennar fallinn niður fyrir hennar eigin sök.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi byggir á því að hún hafi að ósekju þurft að þola þvingunarráðstafanir lögreglu við rannsókn á sakamáli. Málið á hendur henni hafi verið fellt niður að öllu leyti og því eigi hún rétt til fullra bóta samkvæmt 246. gr., áður 228. gr., laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála og 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Stefnandi byggir einnig á því að hún hafi ekki verið færð fyrir dómara innan þeirra tímamarka sem sé kveðið á um í 94. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og að hún hafi sætt óviðunandi, ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð í gæsluvarðhaldi. Hún byggir einnig á því að gæsluvarðhaldið hafi staðið lengur en nauðsyn bar til. Hún krefst því einnig miskabóta á grundvelli 5. mgr. 246. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 og 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993, sbr. 67. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944.

Gæsluvarðhald að ósekju

Stefnandi vísar til þess að hún hafi setið í gæsluvarðhaldi og einangrun í alls tólf sólarhringa vegna máls á hendur henni sem hafi verið fellt niður. Í 1. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála segi að maður sem hafi verið borinn

sökum í sakamáli eigi rétt til bóta hafi mál hans verið fellt niður. Samkvæmt 2. mgr. þessa ákvæðis skuli dæma bætur vegna aðgerða skv. IX. til XIV. kafla laganna séu skilyrði 1. mgr. uppfyllt. Þar eð stefnandi hafi verið borin sökum í sakamáli en mál hennar fellt niður auk þess sem hún hafi sætt gæsluvarðhaldi á grundvelli ákvæða í XIV. kafla laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 telji hún sig ótvírætt eiga rétt til bóta samkvæmt 246. gr.

Ljóst sé að skilyrði gæsluvarðhalds hafi ekki verið uppfyllt enda úrskurður héraðsdóms Suðurlands byggður nánast eingöngu á órökstuddum staðhæfingum lög reglu. Stefnandi hafi að lokum eingöngu verið ákærð fyrir eitt af þeim tíu meintu brotum sem henni voru gefin að sök að hafa átt aðild að, og ákæra á hendur henni í því máli hafi að endingu verið afturkölluð.

Stefnandi hafi hvorki valdið aðgerðum lögreglu né stuðlað að þeim og því eigi undantekningarákvæði 2. málslíðar 2. mgr. 246. gr. laga um meðferð sakamála nr. 88/2008 ekki við um hana. Hún hafi verið höfð fyrir rangri sök. Hún hafi svarað þeim spurningum lögreglu sem hún taldi sig geta svarað en hafi jafnframt greint frá því að hún myndi, vegna lyfjaneyslu sinnar, lítið frá næstliðnum sólarhring, þegar þau brot sem henni voru gefin að sök áttu að hafa verið framin.

Með tilliti til framangreinds þyki stefnanda ljóst að stefnda beri að greiða henni bætur fyrir það gæsluvarðhald sem hún hafi sætt að ósekju.

Ólögmat frelssvipting í kjölfar handtöku

Stefnandi vísar til þess að í 94. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála segi að handtekinn manni skuli leiða fyrir dóm innan 24 klukkustunda frá því að hann var sviptur frelsi. Í ákvæðinu sé gert ráð fyrir undantekningu frá þessari megin reglu sé ekki unnt af taka skýrslu af handteknum manni fljótlega eftir að hann hafi verið sviptur frelsi vegna þess að hann sé undir áhrifum áfengis eða annarra vímu efna.

Í kröfu lögreglu dags. 9. október 2015, þar sem farið hafi verið fram á gæslu varðhald yfir stefnanda, segi að ekki hafi verið unnt að taka skýrslu af henni eða meintum samverkamönnum hennar fyrr en um hádegi 9. október 2015 vegna vímu efnaáhrifa. Stefnandi bendir á að hún hafi verið sofandi þegar hún var handtekin, 8. október 2015, kl. 15:12. Hún hafi því þá þegar að einhverju leyti verið búin að sofa úr sér þau vímuefnaáhrif sem lögregla segi hafa tafið skýrslutöku af henni. Skýrslutaka af stefnanda hafi ekki hafist fyrr en kl. 14.30, rúmum 23 klst. eftir að hún var handtekin. Hún hafi ekki verið færð fyrir dómara fyrr en kl. 16:30 þann sama dag, rúmum 25 klst. eftir að hún var handtekin. Þessi dráttur verði ekki útskýrður með vísan til vímuefnaáhrifa stefnanda því ljóst þyki að mögulegt hafi verið að taka af henni skýrslu strax að morgni 9. október 2015. Þann dag sem hún

var í haldi lögreglu hafi lögreglumenn verið í umdeildum verkfallsaðgerðum og hafi tilkynnt að þeir væru veikir án ástæðu. Lögreglulið víða um land hafi því verið fámennt þann dag. Líklegt sé að það hafi tafið að skýrsla væri tekin af stefnanda. Hún eigi ekki að bera hallann af því og skuli stefndi því greiða henni bætur vegna þeirrar ólögsmætu frelsissviptingar í kjölfar handtöku sem hún varð fyrir.

Ómannúðleg meðferð í gæsluvarðhaldsvist

Stefnandi vísar til þess að hún hafi fyrstu þrjá sólarhringa gæsluvarðhaldsins verið vistuð í fangageymslu á lögreglustöðinni við Hverfisgötu í Reykjavík. Fangageymslan á Hverfisgötu sé ekki gerð til þess að vista fólk lengi. Þar sé ekki nein aðstaða til að koma til móts við þarfir eða réttindi þeirra sem sæta gæsluvarðhaldi. Þar sé mikill umgangur og hávaði allan sólarhringinn vegna skammtímavistunar þeirra sem fangageymslan er ætluð.

Samkvæmt 39. gr., sbr. 77. gr., laga um fullnustu refsinga nr. 49/2005, sem giltu á meðan gæsluvarðhaldsvist stefnanda stóð, eigi gæsluvarðhaldsfangar rétt á útiveru í að minnsta kosti eina og hálfu klukkustund á dag. Sambærilegt ákvæði sé í 52. gr. núgildandi laga um fullnustu refsinga nr. 15/2016. Engin aðstaða sé hins vegar til útiveru fanga á lögreglustöðinni við Hverfisgötu, enda sé hún ekki gerð fyrir langtímavistun fanga. Af þeim sökum hafi stefnandi ekkert fengið að fara út þá þrjá sólarhringa sem hún var vistuð á Hverfisgötu. Á lögreglustöðinni við Hverfisgötu sé ekki heldur nein aðstaða fyrir fanga til þess að þrifa sig. Stefnandi hafi ekki fengið að fara í sturtu eða þrifa sig þá daga sem henni var haldið á Hverfisgötunni. Hún hafi verið handtekin degi áður og gisti þá fangageymslur á lögreglustöðinni á Selfossi. Því hafi liðið rúmir fjórir sólarhringar þar sem henni var haldið á lögreglustöð í sömu fötum og hún var handtekin í, án þess að henni gæfist kostur á að fara í sturtu eða þrifa sig með öðru móti. Loks sé engin aðstaða á lögreglustöðinni við Hverfisgötu fyrir fanga til að reykja sígarettur. Stefnandi reyki að staðaldri en hafi einungis getað reykt tvisvar sinnum á þeim þremur sólarhringum sem henni var haldið á lögreglustöðinni á Hverfisgötu. Að taka slíkan ávana frá einstaklingi sem hafi svo nýlega verið sviptur frelsi sínu sé eingöngu til þess fallið að auka þjáningar hans og eymd og sé óafsakanlegt.

Þær aðstæður sem stefnandi hafi verið vistuð við á lögreglustöðinni við Hverfisgötu hafi verið óviðunandi með öllu. Sú meðferð sem hún hlaut þar hafi jafn framt verið ómannúðleg og vanvirðandi og brjótí í bága við 68. gr. stjórnarskrárinnar og 3. gr. mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Stefnda beri að greiða stefnanda bætur vegna þeirrar ómannúðlegu og vanvirðandi meðferðar sem hún þurfti að þola í gæsluvarðhaldinu.

Tímalengd gæsluvarðhalds

Í 2. mgr. 97. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála segi að gæsluvarðhald skuli ekki vara lengur en þörf krefur. Sá sem krafist hafi gæsluvarðhalds skuli láta sakborning lausan jafnskjótt og ástæður til gæslu séu ekki lengur fyrir hendi.

Stefnandi hafi verið handtekin 8. október 2015 og úrskurðuð í gæsluvarðhald 9. október 2015. Lögregla hafi tekið skýrslu af henni föstudaginn 9. október 2015, rétt áður en hún var leidd fyrir dómara. Frá þeim degi og allt til miðvikudagsins 21. október 2015, tólf dögum síðar, hafi lögregla ekki haft nein afskipti af stefnanda. Hún hafi setið í gæsluvarðhaldi á meðan lögregla virðist hafa verið að safna sönnunargögnum en lögregla hafi ekki heldur rætt við meinta samverkamenn hennar á þessu tímabili. Síðar þann dag sem seinni lögregluskýrslan var tekin af stefnanda, 21. október 2015, hafi hún verið látin laus úr haldi.

Í kröfu lögreglu um gæsluvarðhald yfir stefnanda, dags. 9. október 2015, segi að ekki hafi verið mögulegt að gera upp á milli þátttöku einstakra aðila í málunum sem voru til rannsóknar. Stefnandi telur ljóst af gögnum málsins að hún hafi fundist sofandi í sumarbústað á meðan hinir tveir sem voru handteknir vegna gruns um sömu brot hafi verið handteknir á ferð í stolinni bifreið, báðir með meðvitund. Að mati stefnanda var því nokkuð ljóst frá upphafi að þáttur hennar í brotum þeirra hafi enginn verið. Henni þyki ólíklegt að það hafi tekið lögreglu 12 sólarhringa að komast að þeirri niðurstöðu að þáttur hennar í meintum brotum væri enginn. Af þeim sökum hefði lögreglu, um leið og ljóst var hvernig í pottinn var búið, borið að láta stefnanda lausa úr gæsluvarðhaldi. Það hafi ekki verið gert og beri stefnda því að greiða henni bætur þar sem henni var haldið lengur í gæsluvarðhaldi en nauðsyn bar til.

Almennt um málsatvik, málsástæður og lagarök

Stefnandi vísar til stuðnings öllum framangreindum kröfum sínum til allra málsatvika, málsástæðna og lagaraka sem þegar hefur verið getið, eftir því sem við á.

Stefnandi byggir aðallega á lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008 og skaðabótalögum nr. 50/1993. Þá byggir hún á lögum um fullnustu refsinga nr. 15/2016 og þágildandi lögum um fullnustu refsinga nr. 49/2005. Einnig er byggt á stjórnarskránni, sbr. lög nr. 33/1944, og mannréttindasáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994. Varðandi málskostnað er vísað til ákvæða XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Krafa um virðisaukaskatt byggist á ákvæðum laga nr. 50/1998, en stefnandi sé ekki virðisaukaskattskyld og sé því nauðsynlegt að fá skattinn dæmdan sér úr hendi stefnda.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi mótmælir öllum málatilbúnaði stefnanda sem röngum og ósönnuðum.

Stefnandi styðji bótakröfu sína við 245. gr. laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála. Hún hafi verið tekin höndum og sett í gæsluvarðhald en mál hennar hafi verið fellt niður þegar ákæra á hendur henni var afturkölluð. Bótaskilyrði 1. mgr. 245. gr. laganna séu því fyrir hendi. Samkvæmt 2. mgr. 245. gr. sé heimilt að fella niður bætur eða lækka hafi sakborningur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfur sínar á. Sýknukrafa stefnda byggist á því að stefnandi hafi sjálf stuðlað að aðgerðum gegn sér og því beri að fella niður bætur til hennar.

Í dómaframkvæmd hafi lögmæti rannsóknaraðgerða ekki verið talið skipta máli við mat á bótaskyldu samkvæmt 245. gr. séu bótaskilyrðin í 1. mgr. 245. gr. fyrir hendi. Þannig hafi það ekki verið talið skipta máli hvort lögmæt skilyrði hafi brostið til aðgerða sem haft hafi í för með sér tjón eða ekki hafi verið nægilegt tilefni til að grípa til þeirra eða þær farið fram á óþarflega hættulegan, særandi eða móðgandi hátt.

Allt að einu byggi stefndi á því að handtaka og gæsluvarðhald stefnanda hafi verið í samræmi við heimildir laga um meðferð sakamála og lögreglulaga. Stefnandi hafi legið undir rökstuddum grun um að hafa átt aðild að refsiverðum brotum. Aðgerðir lögreglu hafi verið lögmætar og réttmætar eins og dómstólar hafi staðfest. Sú staðreynd að ákæra á hendur stefnanda hafi verið afturkölluð breyti ekki neinu um nauðsyn þeirra þvingunarráðstafana sem var beitt í upphafi rannsóknarinnar. Stefndi mótmælir öndverðum málsástæðum stefnanda sem röngum.

Þeirri málsástæðu stefnanda að hún hafi ekki verið færð fyrir dómara innan tímamarka 94. gr. laga nr. 88/2008 er einnig mótmælt sem röngum. Óumdeilt sé að stefnandi var handtekin kl. 15:12 fimmtudaginn 8. október 2015. Þegar lögregla kom að henni í sumarhúsinu hafi hún verið sofandi og lítt viðræðuhæf sökum vímu ástands. Í skýrslutöku 9. október hafi hún sagst nær ekkert muna frá þessum sólarhring, sökum mikillar lyfjaneyslu. Hún hafi sagst muna eftir sér í búð í Breiðholti kvöldið fyrir handtökuna og síðan ekkert fyrr en hún gekk inn í umræddan bústað í Skaftárhreppi, þar sem hún var handtekin. Hún kvaðst engar upplýsingar geta veitt um þau afbrot sem til rannsóknar voru og bar fyrir sig minnisleysi.

Óháð minnisleysi stefnanda sýnist engum blöðum vera um það að fletta að skýrslutaka af henni hafi verið vandkvæðum bundin vegna þessa ástands. Að auki

liggi fyrir að 11. október 2015, rétt um þremur sólarhringum eftir handtöku stefnanda, hafi hún verið í slíkum fráhvörfum að nauðsynlegt reyndist að óska aðstoðar lækni á lögreglustöð, þar sem hún dvaldist fyrst um sinn meðan á gæsluvarðhaldi stóð.

Stefnandi var færð til skýrslutöku föstudaginn 9. október, jafnskjótt og mögulegt var, en ástand hennar leyfði það ekki fyrir en að áliðnum föstudegi. Hún hafi verið færð fyrir dómara strax að lokinni skýrslutöku og hafi gæsluvarðhaldskröfurnar verið teknar fyrir í Héraðsdómi Suðurlands hver á eftir annarri, sú fyrsta 23 mínútum eftir að skýrslutöku af bótakrefjanda lauk. Ákvörðun dómara hafi ráðið því í hvaða röð gæsluvarðhaldskröfurnar voru teknar fyrir, en aðeins hafi verið hægt að taka fyrir eina kröfu í einu því í Héraðsdómi Suðurlands sé einungis einn dómsalur. Stefndi telur vafalaust að skilyrði undanþáguákvæðis í 94. gr. laga nr. 88/2008 hafi verið uppfyllt, enda hafi bæði skýrslutaka og flutningur fyrir dómara farið fram jafnskjótt og verða mátti og langt innan þeirra tímamarka sem greini í ákvæðinu.

Í gögnum málsins komi fram að sú ráðstöfun Fangelismálastofnunar að vista stefnanda á lögreglustöðinni við Hverfisgötu fyrstu þrjá sólarhringa gæsluvarðhaldsvistarinnar hafi verið neyðarúrræði, vegna þess að öll einangrunarpláss í fangelsum voru þá fullnýtt. Gögn málsins beri það með sér að reynt hafi verið af fremsta megni að koma til móts við óskir hennar og þarfir og hafi meðferð hennar meðan á gæsluvarðhaldsvistinni stóð fyllilega verið í samræmi við lög og stjórn valdsfyrirmæli. Rannsókn þessa umfangsmikla máls hafi verið hraðað sem kostur var og stefnandi leyst úr haldi fyrir en úrskurður héraðsdóms, sem Hæstiréttur staðfesti, kvað á um. Öndverðum málsástæðum stefnanda er mótmælt sem röngum og órökstuddum. Vinnubrögð starfsmanna stefnda hafi hvorki verið saknæm né ólögmæt. Skilyrði miskabóta á grundvelli 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 séu því ekki heldur fyrir hendi. Því beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Eigin sök stefnanda

Stefndi vísar til þess að þegar lögregla hóf afskipti af stefnanda hafi hún verið sofandi í sumarhúsi sem brotist hafði verið inn í. Þar hafi hún verið umkringd og íklædd þýfi, þannig að strax hafi vaknað grunur um að hún ætti aðild að þeim innbrotum sem samferðamenn hennar voru að lokum ákærðir og sakfelldir fyrir.

Í skýrslutöku hjá lögreglu 9. október 2015 hafi henni verið kynnt sakarefnið og gerð grein fyrir að hún hefði réttarstöðu sakbornings. Henni hafi verið gefinn kostur á að greina frá atvikum eins og þau horfðu við henni. Hún hafi borið fyrir sig minnisleysi sem hún sagði stafa af mikilli lyfjaneyslu. Hún hafi sagst síðast muna eftir sér á gangi í Reykjavík að kvöldi 7. október, en síðan ekkert fyrir en hún gekk

inn í sumarhúsið sem hún var stödd í þegar hún var handtekin.

Meðal rannsóknargagna málsins sé myndbandsupptaka úr eftirlitsmyndavél í verslun Olís á Arnarbergi á Selfossi. Þar sjáist stefnandi inni í versluninni ásamt meðákærðu aðfaranótt 8. október 2015, kl. 03:52, og sjáist hún stinga vörum úr versluninni inn undir fatnað sinn. Hún virðist þar vera með góðri meðvitund. Síðar um nóttina hafi verið brotist inn í apótek á Hellu og þar stolið Stesolit (díazepam). Í sumarhúsinu þar sem stefnandi var handtekin hafi fundist umbúðir sem bentu til þess að hluta lyfjanna hefði verið neytt þar. Þegar stefnandi var handtekin hafi ástand hennar verið annarlegt, málfar óskýrt og framburður ruglingslegur. Hún hafi þá klæðst buxum sem hafði verið stolið úr bifreið Íslenskra fjallaleiðsögumanna ehf. við Sólheimajökul.

Þótt stefnanda hafi verið frjálst að bera fyrir sig minnisleysi við rannsókn og rekstur sakamáls á hendur sér telur stefndi óhjákvæmilegt að líta svo á að hún hafi með því stuðlað að því gæsluvarðhaldi sem hún sætti og krefst nú bóta fyrir. Hvorki stefnanda, né lögmanni hennar, hafi getað dulist að þessi afstaða gæti firrt hana þeim bótarétti sem hún kynni að eiga á hendur stefnda, yrði rannsókn málsins felld niður á hendur henni eða hún sýknuð af refsidómi. Því beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Málsástæður varakröfu

Stefndi vísar til þess að stefnandi hafi ekki lagt fram nein gögn til stuðnings miskabótakröfu sinni. Verði ekki fallist á sýknukröfu stefnda mótmæli hann fjárhæð kröfunnar, sem ósannaðri, órökstuddri og úr öllum takti við dómafordæmi.

Stefndi telur að lækka beri fjárkröfu stefnanda verulega, annars vegar á grundvelli eigin sakar samkvæmt heimild í 2. mgr. 246. gr. laga nr. 88/2008 og hins vegar með vísan til dómaframkvæmdar í sambærilegum málum, þar sem bætur hafi verið ákvarðaðar miklum mun lægri en stefnandi krefst.

Stefndi vísar til áðurgreindra laga og réttarheimilda er varða sýknukröfur. Krafa um málskostnað styðst við 130. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991.

Niðurstaða

Stefnandi, sem sat í gæsluvarðhaldi og einangrun í tólf daga, 9. til 21. október 2015, telur sig eiga rétt til miskabóta úr hendi ríkisins skv. 246. gr. laga nr. 2008 þar eð hún hafi setið í varðhaldi að ósekju. Hún telur að auk þess hafi á ýmsan hátt verið brotið gegn rétti hennar áður en hún var sett í varðhald svo og á meðan hún sat í því.

Ólögsmæt frelsissvipting í kjölfar handtöku

Stefnandi byggir í fyrsta lagi á því að hún hafi ekki verið færð fyrir dómara innan 24 stunda frá því að hún var handtekin, eins og borið hefði skv. 94. gr. laga nr. 88/2008.

Samkvæmt lögregluskýrslu, sem var rituð 8. október 2015, fannst stefnandi sofandi í sumarbústað. Hún var vakin og kl. 15:12 var henni tilkynnt að hún væri handtekin, grunuð um mörg innbrot og þjófnaði, í félagi við tvo aðra. Ekki var þá hægt að ræða við hana þar eð hún var undir áhrifum vímuefna. Daginn eftir var hún færð til skýrslutöku kl. 14:32 sem lauk kl. 14.42. Hún bar þá að hún myndi ekkert og vissi ekkert enda hefði hún verið í lyfja-„rússi“. Verður að telja hana hafa vísað til þess að hún hefði verið undir miklum áhrifum lyfja frá því að hún mundi síðast eftir sér áður en hún fannst í bústaðnum, en það var í Breiðholti daginn áður.

Fyrir dómi bar stefnandi að á þessu tímabili, haustið 2015, hefði hún einkum neytt amfetamíns og rivotríls saman. Sú blanda kæmi henni í minnisleysisástand. Hún hefði stundum tekið svo stóra skammta af þessu að hún myndi ekkert í tvo og jafnvel þrjá daga.

Samkvæmt 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 651/2009 um réttarstöðu handtekinna manna, yfirheyrslur hjá lögreglu o.fl. skal að jafnaði ekki yfirheyra sakborning sem er talinn vera undir áhrifum áfengis eða annarra vímuefna. Það var því fyllilega eðlilegt að lögreglan biði þess að vímuefnaáhrifin hefðu runnið eins mikið og mögulegt var af stefnanda áður en skýrsla yrði tekin af henni. Fráhvörf sem hún var komin í á hádegi 11. október kunna að varpa ljósi á vímuefna- og lyfjaneyslu hennar í þetta sinn.

Kröfur lögreglunnar um gæsluvarðhald stefnanda og félaga hennar voru teknar fyrir hjá Héraðsdómi Suðurlands hver á eftir annarri. Sú fyrsta var samkvæmt framlögðu endurriti úr þingbók tekin fyrir kl. 15:05, 9. október, næsta kl. 15:48 og krafa um gæsluvarðhald stefnanda var tekin fyrir kl. 16:31. Alla jafna koma sakborningar, eða menn sem eru grunaðir í sama málinu, á sama tíma í dómhús þegar krafist er gæsluvarðhalds yfir þeim. Mál hvers og eins er síðan tekið fyrir í þeirri röð sem dómari ákveður. Fyrirtakan í fyrsta málinu hófst kl. 15:05 og má því gera ráð fyrir að stefnandi og félagar hennar hafi verið komin í dómhúsið eigi síðar en kl. 15:00. Þá voru ekki liðnar 24 stundir frá því að hún var handtekin. Að mati dómsins varð ekki óeðlileg töf á því að leiða stefnanda fyrir dómara þótt hún hefði þurft að bíða innan veggja dómhússins í klukkustund og tuttugu mínútur eftir að fullar 24 stundir voru liðnar frá því að hún var handtekin kl. 15:12, 8. október 2015. Stefnandi var því að mati dómsins leidd fyrir dóm innan þeirra marka sem er mælt fyrir um í 94. gr. laga nr. 88/2008.

Gæsluvarðhald að ósekju

Eins og komið er fram getur réttur til bóta samkvæmt 246. gr. laga nr. 88/2008 skerst og jafnvel fallið niður hafi sakborningur valdið eða stuðlað að þeim aðgerðum sem hann reisir kröfu sína á. Stefnandi byggir sýknukröfu sína á þessu ákvæði en stefnandi telur sig ekkert hafa gert sem hafi valdið gæsluvarðhaldinu eða stuðlað að því.

Þegar stefnandi fannst var hún í klæðnaði merktum Íslenskum fjallaleiðsögu mönnum sem hafði verið tekinn ófrjálsri hendi úr aðstöðu þeirra við Sólheimajökul nokkrum klukkustundum fyrir. Sumarbústaðurinn, þar sem hún var í leyfisleysi, var fullur af þýfi. Hún var sjálf ekki viðræðuhæf vegna áhrifa lyfja sem hún hafði tekið. Hún gat hvorki gert grein fyrir því hvernig hún komst í sumarbústaðinn né af hverju hún var þar. Hún mundi þó eftir að hafa gengið þar inn. Hún gat ekki heldur útskýrt hvernig stóð á öllu því þýfi sem þar var og hafði verið tekið á þeim stöðum sem brotist hafði verið inn í um nóttina.

Vegna þeirra aðstæðna sem stefnandi fannst í og þeirra rýru upplýsinga sem hún gat veitt var kominn fram rökstuddur grunur í skilningi 1. mgr. 90. gr. sakamála laga nr. 88/2008 um að hún hefði í félagi við aðra framið auðgunarbrot skv. XXVI. kafla almennra hegningarlaga nr. 19/1940. Það var því fullt tilefni til þess að setja hana í gæsluvarðhald á meðan málið var rannsakað.

Stefnandi hefur ekki borið öðru við en að hún hafi af sjálfsdáðum farið inn í sumarbústaðinn, en hún mundi eftir að hafa gengið inn í hann, þó í óleyfi væri. Hún var í fötum sem höfðu verið tekin ófrjálsri hendi. Hún hefur ekki borið því við að einhver annar hafi klætt hana í þau gegn vilja hennar.

Ljóst er af hennar eigin framburði, bæði hjá lögreglu 9. og 21. október 2015 og fyrir dómi, að hún var undir talsverðum áhrifum lyfja og fikniefna þegar hún var handtekin. Ekki er annað komið fram en að þessara lyfja hafi hún neytt af sjálfs dáðum. Áhrif þeirra ollu því að hún var ófær um að útskýra málavöxtu eða gera nokkra grein fyrir veru sinni í bústaðnum.

Í þær aðstæður og það ástand sem var til þess fallið að fella grun á stefnanda hafði hún sjálf komið sér. Verður að telja að hún hafi sjálf valdið og stuðlað að þeim aðgerðum sem hún reisir kröfu sína á. Dómurinn telur hana því hafa fyrirgert rétti sínum til bóta fyrir það að hafa verið sett í gæsluvarðhald.

Lengd gæsluvarðhalds

Að mati stefnanda hefði lögregla átt að gera sér grein fyrir hlutdeild hennar í þessari innbrotahrinu mun fyrir, þ.e.a.s. að hún hafi engin verið.

Þegar stefnandi og félagar hennar voru handtekin 8. október 2015 voru þau klædd stolnum fatnaði. Talsvert þýfi af margvíslegu tagi var í bíl sem tekinn hafði

verið ófrjálsri hendi og þau ferðuðust á. Brotist hafði verið inn í bifreiðar í Breiðholti og einni þeirra ekið þaðan og að Kirkjubæjarklaustri. Einnig hafði verið brotist inn á fjöldamörgum stöðum nálægt Þjóðvegi nr. 1 á leiðinni þangað frá Reykjavík, svo sem kjötmjölsverksmiðju, söluskála, lyfjaverslun, gistihúsi, kaffihúsi, og sumarhúsi. Á þessum stöðum voru teknir fjöldamargir munir, svo sem tölvur og sjónvarpstæki, en einnig fé, lyf, tóbak, vín, fatnaður, skór, bakpokar og fjallaklifurbúnaður, svo og afar margir aðrir munir sem ógerlegt er að telja upp. Einnig hafði bifreið jöklaleiðsögumanna verið skemmd. Sumt af þýfinu var í bílnum sem þrímenningarnir ferðuðust á, sumt var í sumarbústaðnum sem stefnandi fannst í eða fyrir utan hann en annað fannst annars staðar, svo sem meðfram vegum á leiðinni að Kirkjubæjarklaustri.

Lögregla þurfti að flokka og skrá þessa muni og hafa samband við eigendur eða umsjónarmenn þeirra staða þar sem brotist var inn til þess að komast að því hvað var tekið hvaðan og jafnframt að glöggva sig á atburðarásinni. Þetta hlaut að taka nokkurn tíma.

Í dagbók lögreglu kemur fram að lögmaður annars ferðafélaga stefnanda hafi hringt reglulega í lögregluna til þess að krefjast þess að skjólstæðingur hans yrði leystur úr einangrun. Samkvæmt dagbókinni var verjandanum greint frá því að rannsókn málsins væri „á fullu“ og að einangrun yrði aflétt um leið og rannsóknar hagsmunir leyfðu. Í dagbókinni kemur fram að vinnu við rannsóknina hafi lokið að kvöldi 19. október 2015.

Samkvæmt framlögðum gögnum vann lögregla dag hvern að þessu máli, frá því að fyrstu innbrotin voru tilkynnt 8. október 2015 til loka dags 19. október. Jafnframt þurfti hún að nýta 20. október til þess að undirbúa yfirheyrslur yfir stefnanda og félögum hennar næsta dag. Dómurinn fær því ekki séð að unnt hefði verið að taka skýrslu af þrímenningunum fyrr en gert var, 21. október.

Stefnandi vísar til þess að lögregla hafi fundið far eftir skó annars samferðamanna hennar á gólfi í aðstöðu Íslenskra fjallaleiðsögumanna 14. október. Dómurinn telur að með þeim fundi hafi alls ekki verið hægt að útiloka hlutdeild stefnanda í afbrotunum heldur einvörðungu færa rök að því að annar samferðamanna hennar hafi farið inn í húsið. Að mati dómsins hefur stefnandi ekki bent á neitt atriði sem hefði átt að leiða til þess að hægt hefði verið að segja með fullkominni vissu hver hefði verið hlutur hvers um sig, stefnanda og samferðamanna hennar, fyrr en skýrslur voru teknar af þeim við lok rannsóknar málsins. Dómurinn fær því ekki séð að stefnanda hafi verið haldið í gæsluvarðhaldi lengur en ástæða var til. Dómurinn fellst því ekki á að stefnandi eigi rétt til miskabóta vegna gæsluvarðhalds hennar frá 9. til með 21. október 2015.

Ómannúðleg og vanvirðandi meðferð fyrstu þrjá daga í gæsluvarðhaldsvistinni

Stefnandi telur sig loks hafa sætt ómannúðlegri og vanvirðandi meðferð í gæsluvarðhaldinu þann tíma sem hún var vistuð í fangaklefa á lögreglustöðinni við Hverfisgötu. Kröfu sína um bætur fyrir þá meðferð byggir hún á skaðabótalögum. Það er skilyrði þess að maður eigi rétt til miskabóta á grundvelli b-liðar 2. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að ólögmæt meingerð gegn æru eða persónu hans hafi verið unnin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi.

Samkvæmt 4. mgr. 3. gr. laga nr. 49/2005, sbr. nú 4. mgr. 17. gr. laga nr. 15/2016, um fullnustu refsinga, má, ef aðstæður leyfa, vista gæsluvarðhaldsfanga í skamman tíma í fangageymslum lögreglu, þó ekki lengur en í fjóra sólarhringa, nema sérstakar ástæður séu fyrir hendi.

Stefnandi var vistuð í klefa á lögreglustöðinni á Selfossi 8. október 2015, kl. 18:45. Daginn eftir, 9. október, var hún úrskurðuð í gæsluvarðhald og var skráð inn á lögreglustöðina við Hverfisgötu í Reykjavík kl. 18:53. Hún var skráð þaðan út 12. október kl. 18:15. Fyrstu þrjá sólarhringa gæsluvarðhaldsins var hún því vistuð á lögreglustöð. Sá tími er innan marka 4. mgr. 3. gr. laga nr. 49/2005 sem giltu á þessum tíma um fullnustu refsinga.

Samkvæmt 39. gr. sömu laga, sbr. 52. gr. laga nr. 15/2016, á fangi rétt á úti veru og að iðka tómstundastörf, líkamsrækt og íþróttir í frítíma eftir því sem aðstæður í fangelsi leyfa í að minnsta kosti eina og hálfu klukkustund á dag nema það sé ósamrýmanlegt góðri reglu og öryggi í fangelsi.

Þetta ákvæði er bundið því skilyrði að aðstæður leyfi. Svo margir virðast hafa verið vistaðir í fangageymslum lögreglunnar við Hverfisgötu þessa daga að ekki hafi verið nægur mannskapur á vakt til þess að fylgja föngum út hvort heldur var til þess að fá sér ferskt loft eða til þess að reykja.

Yfirvöld fangelsismála geta ekki séð fyrir hvenær einangrunarklefar fyllast þannig að nýta þurfi heimild laga til þess að vista gæsluvarðhaldsfanga í klefa á lög reglustöð. Stjórnendur lögreglunnar geta ekki heldur séð fyrir hvenær fangageymslur þeirra fyllast þannig að starfsmenn á vakt hafi ekki ráðrúm til þess að sinna þeim þörfum fanga sem væri æskilegt að sinna. Að mati dómsins fellur það hvorki undir ásetning né stórfellt gáleysi stjórnenda fangelsismála eða lögreglunnar þótt slíkar aðstæður kunni að skapast. Dómurinn telur því sakarskilyrði 26. gr. skaðabótalaga ekki uppfyllt.

Dómurinn telur stefnanda ekki heldur hafa sýnt fram á að meðferð hennar á lögreglustöðinni hafi verið ómannúðleg eða vanvirðandi í skilningi 68. gr. stjórnar skrárinnar. Dómurinn telur það ekki falla undir þessi hugtök að komast ekki í sturtu í þrjá daga, né heldur að eiga ekki kost á að reykja nema tvisvar á þremur sólar

hringum.

Dómurinn telur stefnanda því ekki hafa sýnt fram á að uppfyllt séu skilyrði laga til þess að dæma henni miskabætur fyrir dvöl hennar í fangaklefa í lögreglu stöðinni við Hverfisgötu 9. til 12. október 2015.

Dómurinn hefur því hafnað öllum kröfum og málsástæðum stefnanda. Engu að síður þykir rétt að láta hvorn aðila bera sinn kostnað af málinu.

Samkvæmt fyrirmælum 1. mgr. 230. gr. laga nr. 88/2008 hefur stefnandi lög bundna gjafsókn. Með bréfi dómsmálaráðuneytisins, 4. október 2017, var henni veitt gjafsókn til að reka þetta mál fyrir héraðsdómi. Gjafsóknarkostnaður hennar greiðist því úr ríkissjóði, þar með talin málflutningsþóknun lögmans hennar, Krístrúnar Elsu Harðardóttur lögmans, sem þykir hæfilega ákveðin 700.000 krónur.

Ingiríður Lúðvíksdóttir héraðsdómari kveður upp þennan dóm.

D Ó M S O R Ð

Stefndi, íslenska ríkið, er sýkn af kröfu stefnanda, Í.

Málkostnaður milli aðila fellur niður.

Gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin málflutningsþóknun lögmans hennar, Krístrúnar Elsu Harðardóttur, 700.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.